

RENNSLISSTÝRING Í ELDHRAUN VIÐ ÁRKVÍSLAR, SKAFTÁRHREPPI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð rennslisstýring úr Skaftá út í Eldhraun, við Árkvísar, árin 2009-2012, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Við upptök Árkvísla eru þrjú rör í gegnum fyrirhleðslugarð, tvö alltaf opin og framkvæmdin felst í því að árlega verði þriðja rörið opið á tímabilinu frá 20. október til 20. júní, fram í júnímánuð 2012.

Skipulagsstofnun telur ljóst að aurburður Skaftár út í Eldhraun hefur valdið miklum breytingum á náttúruferlinum Eldhrauns. Orsakir aukins aurburðar út í hraunið á undanförunum áratugum eru hlaup í Skaftá og vatnaveiting af mannavöldum. Aurburður í Skaftá er minnstur yfir vetrartímam þegar jökulleysing er í lágmarki. Skipulagsstofnun telur að ekki hafi komið fram upplýsingar er bendi til þess að aukinn aurburður út í hraunið við opnun þriðja rörsins yfir vetrartímam og fram í sumarbyrjun, hafi umtalsverð áhrif til viðbótar því sem tvö opin rör allan ársins hring og hlaup í ánni hafa valdið. Skaftárhreppur mun eftir fremsta megni reyna að tryggja að það verði „hreint“ vetrarvatn sem fer í gegnum rörið og það verði ekki opnað í október ef hlaup er talið yfirvofandi og því lokað ef upplýsingar berast um væntanlegt hlaup á öðrum tíma.

Skipulagsstofnun telur að endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps, sem er hafin og umhverfismat áætlunarinnar sé réttur vettvangur til að ná því markmiði sem Landgræðslan bendir á og tekur til fleiri framkvæmda en hér eru til umfjöllunar. Aðalskipulagsvinna felur í sér gagnaöflun, samráðsferli og stefnumörkun er varðar áhrif af öllum vatnaveitingum út í Eldhraun, er eiga sér stað allt árið um kring. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi vöktunar áhrifa af vatnaveitingu í Eldhraun og rennslisstýringar, sem nýtist við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Skaftárhreppur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. maí 2009.

INNGANGUR

Þann 25. mars 2009 tilkynnti Skaftárhreppur til Skipulagsstofnunar fyrirhugaða rennslisstýringu úr Skaftá út í Eldhraun, við Árkvísjar, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og liðum 1 c og 10 e í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skaftárhrepps, Fiskistofu, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Skaftárhreppi með bréfi dags. 17. apríl 2009, Fiskistofu með bréfi dags. 2. apríl 2009, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 17. apríl 2009, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. apríl 2009 og Vegagerðinni með bréfi dags. 6. apríl 2009. Frekari upplýsingar bárust frá Skaftárhreppi með tölvupóstum dags. 21. og 22. apríl 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða rennslisstýringu úr Skaftá út í Eldhraun, við Árkvísjar, í gegnum fyrirhleðslu þar sem komið hefur verið fyrir þremur rörum, um það bil tveggja metra víðum. Tvö röranna eru alltaf opin og rennur vatn um þau óhindrað, en við þriðja rörið er sérstakur búnaður til að opna og loka. Þriðja rörið hefur verið lokað frá því í júní 2006 en nú felst fyrirhuguð framkvæmd í því að hafa rörið opið á tímabilinu frá 20. október til 20. júní, fram í júnímánuð 2012. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka rennsli út á hraunið á þeim tíma sem aurframburður er minnstur í Skaftá og stuðla þannig að því að vatnsstaða/rennsli í lindum og lækjum í Landbroti og Meðallandi fari ekki undir þau mörk að lífríki sé í hættu. Jafnframt hafi vatnsstaðan áhrif á magn neysluvatns og raforkuframleiðslu í heimarafstöðvum á þessu svæði. Fyrirhuguð framkvæmd og aðrar vatnaveitingar er til áframhaldandi umræðu á vettvangi sveitarstjórnar Skaftárhrepps og er gert ráð fyrir að sérstaklega verði fjallað um málið við endurskoðun aðalskipulags sem nú er hafin.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Skaftárhreppur, Fiskistofa, Landgræðsla ríkisins, Umhverfisstofnun og Vegagerðin telja framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli hún því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Skaftárhrepps kemur fram að framkvæmdin feli ekki í sér neinar nýjar aðgerðir eða mannvirkjagerð og áhrif hennar séu allvel þekkt. Talið er að rennsli um „þriðja rörið“ yfir vetrartímamann geti haft jákvæð áhrif á vatnsbúskap í Landbroti og Meðallandi og ekki sé talið að sú rennslisaukning sem því fylgir hafi umtalsverð skaðleg áhrif á þetta náttúruverndarsvæði. Sveitarstjórn bendir á að veiting vatns úr Skaftá út á Eldhraun sé í heild sinni til umfjöllunar við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Opnun „þriðja rörsins“ yfir vetrarmánuðina ein út af fyrir sig sé ekki tilefni mats á umhverfisáhrifum eins og mál standi nú.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að stofnunin telji framkvæmdina vera til bóta fyrir hagsmuni í veiðimálum á Skaftásvæðinu og ekki sé ástæða til þess að mat á umhverfisáhrifum fari fram vegna hagsmuna í veiðimálum. Hinsvegar sé lögð áhersla á að framkvæmdin sé gerð í góðri sátt við eigendur veiðiréttar í þeim lækjum, sem umrædd veita hefur áhrif á.

Í umsögn Landgræðslu ríkisins kemur fram að frá sjónarmiði gróðurverndar fylgja mjög takmörkuð neikvæð áhrif fyrirhugaðri framkvæmd að því tilskyldu að lokað verði fyrir rörið eigi síðar en 20. júní n.k. Verði rörinu ekki lokað áður en jökulleir komi í Skaftá sé alveg ljóst af fenginni reynslu að það hefði í för með sér stórfelld óafturkræf náttúruspjöll á fágætri náttúruverlu. Landgræðslunni hafi verið tjáð að grunnvatnsstaða í Eldhrauni sé nú að hækka. Verði niðurstaða Skipulagsstofnunar sú að það að opna rörið án þess að sú framkvæmd þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum þá sé brýnt að sú ákvörðun gildi aðeins í þetta eina skipti. Því eftir standi að ná verði samkomulagi við væntanlegan framkvæmdaraðila um að draga úr rennsli jökulvatns út á Eldhraunið og freista þess að draga úr áhrifum fyrri vatnaveitinga sem séu mestu náttúruspjöll sem unnin eru á íslenskri náttúru í dag.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ætla megi að mestur aur berist út á Eldhraun með sumarvatni og að aukið vetrarrennsli um þriðja rörið muni að líkindum ekki auka framburð sands og leirs út á hraunið. Um sé að ræða rennsli á þeim tíma árs sem ætla megi að aurframburður í Skaftá sé minnstur. Með hliðsjón af ofangreindum sjónarmiðum telji stofnunin ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að stofnunin telji að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum frekari upplýsingum frá Skaftárhreppi er staðfest að hreppurinn er framkvæmdaraðili og framkvæmd rennslisstýringarinnar, það er opnun og lokun þriðja rörsins, er á ábyrgð hans. Ennfremur kemur fram að eftir fremsta megni verði reynt að tryggja að það verði „hreint“ vetrarvatn sem fer í gegnum rörið og það verði ekki opnað í október ef hlaup er talið yfirvofandi og því lokað ef upplýsingar berast um væntanlegt hlaup á öðrum tíma.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða rennslisstýringu vatns úr Skaftá út í Eldhraun við Árkvísar í gegnum fyrirhleðslu þar sem komið hefur verið fyrir þremur rörum, tvö röranna eru alltaf opin en þriðja rörið hefur verið lokað frá því í júní 2006. Fyrirhuguð framkvæmd felst í því að hafa þriðja rörið opið á tímabilinu frá 20. október til 20. júní, fram í júnímánuð 2012. Tilgangur framkvæmdarinnar er að stuðla að því að vatnsstaða/rennsli í lindum og lækjum í Landbroti og Meðallandi fari ekki undir þau mörk að lífríki sé í hættu. Jafnframt hafi vatnsstaðan áhrif á magn neysluvatns og raforkuframleiðslu í heimarafstöðvum á þessu svæði. Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ráð fyrir því að fjallað verði um vatnaveitingar úr Skaftá út á Eldhraun við endurkoðun aðalskipulags Skaftárhrepps, sem er hafin. Framkvæmdaraðili er Skaftárhreppur og framkvæmd rennslisstýringarinnar, það er opnun og lokun þriðja rörsins, er á ábyrgð Skaftárhrepps hvort sem sveitarstjórn semur við einhvern aðila um framkvæmdina eða ekki.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 1 c og 10 e í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Umsagnaraðilar eru allir sammála um að framkvæmdin sé þess eðlis að hún skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum með þeirri undantekningu að Landgræðslan telur að framkvæmdin skuli háð mati ef hún á að ná til lengri tíma en ársins 2009. Rök Landgræðslunnar eru þau að eftir sé að ná samkomulagi við væntanlegan framkvæmdaraðila um að draga úr rennsli jökulvatns út á Eldhraunið og freista þess

að draga úr áhrifum fyrri vatnaveitinga sem séu mestu náttúruspjöll sem unnin eru á íslenskri náttúru í dag.

Skipulagsstofnun telur ljóst að aurburður Skaftár út í Eldhraun hefur valdið miklum breytingum á náttúruferlinum Eldhrauns. Orsakir aukins aurburðar út í hraunið á undanförunum áratugum eru hlaup í Skaftá og vatnaveiting af mannavöldum. Aurburður í Skaftá er minnstur yfir vetrartímann þegar jökulleysing er í lágmarki. Skipulagsstofnun telur að ekki hafi komið fram upplýsingar er bendi til þess að aukinn aurburður út í hraunið við opnun þriðja rörsins yfir vetrartímann og fram í sumarbyrjun, hafi umtalsverð áhrif til viðbótar því sem tvö opin rör allan ársins hring og hlaup í ánni hafa valdið. Skaftárhreppur mun eftir fremsta megni reyna að tryggja að það verði „hreint“ vetrarvatn sem fer í gegnum rörið og það verði ekki opnað í október ef hlaup er talið yfirvofandi og því lokað ef upplýsingar berast um væntanlegt hlaup á öðrum tíma.

Skipulagsstofnun telur að endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps, sem er hafin og umhverfismat áætlunarinnar sé réttur vettvangur til að ná því markmiði sem Landgræðslan bendir á og tekur til fleiri framkvæmda en hér eru til umfjöllunar. Aðalskipulagsvinna felur í sér gagnaöflun, samráðsferli og stefnumörkun er varðar áhrif af öllum vatnaveitingum út í Eldhraun, er eiga sér stað allt árið um kring. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi vöktunar áhrifa af vatnaveitingu í Eldhraun og rennslisstýringar, sem nýtist við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Skaftárhrepps við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Skaftárhrepps vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð rennslisstýring úr Skaftá, út í Eldhraun, við Árkvíslar, árin 2009-2012 sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þrátt fyrir þessa ákvörðun leggur Skipulagsstofnun áherslu á að umhverfisáhrif þessarar tilteknu framkvæmdar verði tekin til skoðunar með öðrum vatnaveitingum úr Skaftá í Eldhraun við umhverfismat endurskoðaðs aðalskipulags Skaftárhrepps.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Skaftárhreppur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. maí 2009.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson